

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 26. ágúst 2025 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Baldur Haraldsson BS, Sigurður Arnar Pálsson AÍFS, Tryggvi Þórðarson KK og Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Fundargerð ritaði AS

1. Keppnistímabilið 2025 sem af er

Keppnishaldið hefur gengið vel það best er vitað. Enn virðist þó vanta talsvert uppá að keppnishaldarar gefi út nothæfar leiðarbækur, en það er þeim skylt samkv. grein 3.1.4 í Keppnisgreinarreglum fyrir rally, <https://reglur.akis.is/Codes/Rally/View>. Einhver misskilningur virðist vera um nafn og kostun á flokki C, en á nokkrum undanförunum árum hefur hann borið fyrirtækisnafn. Heimild er í reglum fyrir flokkinn til keppnishaldara að gera kostunarsamning með auglýsingarákvæði, en það þarf þó að tilkynnast formlega á heimasíðu AKÍS fyrir 15. mars ár hvert, grein 1.4.1 í <https://reglur.akis.is/Codes/38/View>. Slíkt var ekki gert í ár og eru keppnishaldarar hvattir til að huga að þessu tímanlega fyrir næsta keppnistímabil.

2. Fundur í lok tímabils

Ákveðið að stefna að fundi með keppendum, keppnishöldurum og öðrum áhugasömum vikuna eftir síðustu keppni tímabilsins, sem er 4. október. Stefnan er sett á þriðjudaginn 7. okt., AS mun kanna með hvenær salur er laus hjá ÍSÍ og boða fundinn.

3. Reglubreytingar fyrir 2026

Ástæða er til að yfirfara reglur um öryggisbúnað. Hlustað verður eftir frekari hugmyndum á fundi í lok tímabils.

4. Mótakerfi AKÍS

Mikilvægt er að upplýsingar um skoðun ökutækja sé hægt að sjá við skoðun fyrir næstu keppni. Ákveðið að senda erindi til AKÍS þar sem þess er farið á leit að mótakerfi sambandsins verði uppfært þannig að þetta verði mögulegt og að möguleikinn verði kynntur vel fyrir keppnishöldurum.

5. Tilnefningar til Akstursíþróttafólks ársins

Síðasta keppni ársins er 4. október, sama dag er lokafrestur að skila tilnefningum. Ákveðið að menn hugsi málið og haldinn verði fundur í ráðinu 30. september eða 1. október til að ganga frá tilnefningum.

6. Lokanir sérleiða

Talsvert hefur borið á því í sumar, líkt og undanfarin ár, að sumt fólk fái að fara inn á sérleiðar sem hefur verið lokað fyrir keppni, en öðrum verið meinað að fara inná.

Ákveðið að halda fjarfund með keppnishöldurum og ræða málið; stefnt á að hann fari fram fyrir miðja september. TMP setur saman punkta um málið og AS boðar fundinn.

7. Önnur mál

15 ára öikumenn – ákveðið að taka málið til umræðu á fundi eftir síðustu keppni.

Tímatökubúnaður – ákveðið að taka málið til umræðu á fundi með keppnishöldurum í september.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20.45